



Skólanámskrá 2023-2026

Holtaskóli

Skólanámskrá 2023-2026

Holtaskóli

Reykjanesbær, 20. desember 2022

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Saga skólans.....	3
2.1	Merki skólans	3
2.2	Upplýsingar á netinu og netfang.....	4
3	Sýn á skólastarf.....	4
3.1	Skólastefna	4
3.2	Skólabragur.....	5
3.3	PBS – Stuðningur við jákvæða hegðun	5
3.4	Menntastefna Reykjanesbæjar	5
3.5	Jafnrétti og mannréttindi	6
4	Grunnþættir í menntun og áherslupættir í grunnskólalögum	6
5	Markmið náms.....	7
5.1	Sérdeild.....	8
5.2	Sérkennsla/stuðningskennsla.....	9
5.3	Námsver.....	9
5.4	Íslenska sem annað mál.....	10
5.5	Einstaklingsnámskrá	10
5.6	Teymisfundir.....	10
5.7	Ráðgjöf og greiningarpróf	10
6	Námsmat.....	11
6.1	Samræmt námsmat.....	11
7	Mat á skólastarfi	12
8	Þróunarstarf	13
8.1	Endur- og símenntun.....	13
9	Móttökuáætlanir.....	14
9.1	Skólabyrjun 1. bekkjar	14
9.2	Móttaka nemenda eftir að skólastarf er hafið	14
9.3	Móttaka erlendra nemenda.....	15
10	Samvinna heimilis og skóla	15

10.1	Upplýsingasmiðlun	16
10.2	Heimasíða og Facebook	16
10.3	InfoMentor	16
10.4	Samskiptadagar	16
10.5	Bekkjarfulltrúar	17
10.6	Heimsóknir forráðamanna	17
11	Samfella milli skólastiga	17
11.1	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	17
11.2	Tilfærsluáætlun milli skólastiga.....	18
12	Tengsl skóla við nærsamfélagið	18
12.1	Tónlistarskóli Reykjanesbæjar.....	18
12.2	Samstarf við íþróttamiðstöðvar	18
12.3	Samskipti við íþróttafélög	19
12.4	Samskipti við Björgunarsveitina.....	19
12.5	Samstarf við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.....	19
12.6	Samstarf við tungumálaver Laugalækjaskóla	19
13	Öryggisvarnir og aðbúnaður	19
13.1	Frímínútur og gæsla.....	19
13.2	Hjól og önnur farartæki	19
13.3	Umgengni.....	20
13.4	Ábyrgð á persónulegum eigum nemenda	20
13.5	Tryggingar	20
13.6	Aðkoma að skólanum og umferðaöryggi	20
13.7	Skólalóð	20
13.8	Húsnæði skólans.....	21
14	Forvarnaráætlanir	21
14.1	Samskipta- og eineltisáætlun	21
14.2	Áfengis- og fíknivarnir.....	22
14.3	Viðbrögð við kynbundnu ofbeldi og öðru ofbeldi	25
14.4	Kynheilbrigði.....	27
14.5	Verklag vegna ofbeldisfullrar hegðunar barns.....	28
14.6	Viðbrögð vegna hættuástands.....	28

15	Viðbragðsáætlanir	29
15.1	Áfallaáætlun, viðbrögð við slysum og áætlunum.....	29
15.2	Viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu og annarra smitsjúkdóma.....	29
15.3	Viðbragð vegna óveðurs	31
15.4	Rýmingaráætlun.....	31

1 Inngangur

Skólanámskrá Holtaskóla er unnin af stjórnendum skólans. Hún tekur til flestra ef ekki allra þátta skólastarfsins og byggir á þeim reglum sem þar gilda. Skólanámskrá Holtaskóla er í þrennu lagi. Í almenna hlutanum koma fram þau viðhorf sem einkenna starfið í skólanum. Í starfsáætlun sem er endurskoðuð á hverju ári er m.a. gerð grein fyrir starfstíma og mikilvægum dagsetningum auk ýmissa upplýsinga sem geta verið breytilegar á milli ára. Þriðji hlutinn er bekkjarnámskráin og er þar er gerð grein fyrir skipulagi náms í hverjum árgangi fyrir sig.

Skólanámskrá, starfsáætlun og bekkjarnámskrár Holtaskóla eru birtar á heimasíðu skólans, www.holtaskoli.is.

2 Saga skólans

Skólinn tók til starfa 1952 og hét þá Gagnfræðaskólinn í Keflavík. Fyrstu árin var kennt í Barnaskólanum við Skólaveg og í Sjálfstæðishúsinu sem stóð á horni Hafnargötu og Skólavegar. Árið 1962 var lokið við byggingu nýs skólahúss við Sunnubraut 32 og það tekið í notkun 13. október 1962. Skólahúsnæðið hefur verið stækkað í þremur áföngum. Norðurálma var byggð árið 1970 og miðálma var byggð 1972. Nýjasta álma skólans var tekin í notkun 1977 og þar hafði Fjölbrautaskóli Suðurnesja aðsetur til ársins 1979 en þá flutti sá skóli í núverandi húsnæði.

Árið 1982 var skipt um nafn á Gagnfræðaskólanum í Keflavík í kjölfar nýrra grunnskólalaga. Fékk skólinn nafnið Holtaskóli. Fyrsti skólastjóri Gagnfræðaskólans var Rögnvaldur J. Sæmundsson. Var hann skólastjóri frá árinu 1952 allt til ársins 1976. Þá tók við skólastjórn Sigurður E. Þorkelsson og gegndi hann starfinu til vorsins 2003. Eftir að Sigurður lét af störfum hafa ýmsir frambærilegir aðilar gegnt skólastjórástöðunni; Jónína Guðmundsdóttir frá 2003-2007, Jóhann Geirdal frá 2007-2014, Eðvarð Þór Eðvarðsson frá 2014-2018 og núverandi skólastjóri er Helga Hildur Snorradóttir. Holtaskóli er einsetinn, hverfaskiptur grunnskóli og tekur við nemendum í 1. - 10. bekk. Nemendur eru nú um 420 talsins í 20 bekkjardeildum.

2.1 Merki skólans

Merki skólans var hannað af Jóni Ágústi Pálmasyoni en það var hannað í tilefni af 50 ára afmæli skólans árið 2002.

Merkið vísar í þjóðarblóm Íslendinga, holtasóley og sýnir blóm sem vex í skjóli húss og táknar nemendur skólans sem vaxa og dafna í skjóli skólans.



2.2 Upplýsingar á netinu og netfang

Holtaskóli er með heimasíðu og er vefslóðin www.holtaskoli.is. Þar er að finna allar helstu upplýsingar um skólann og fréttir af skólastarfinu sem og á fésbókarsíðu skólans.

Netfang skólans er holtaskoli@holtaskoli.is

3 Sýn á skólastarf

3.1 Skólastefna

Stefna Holtaskóla grundvallast á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla, menntastefnu Reykjaneshæjar og sérstöðu Holtaskóla.

Leiðarljós Holtaskóla

Holtaskóli er samfélag sem einkennist af Virðingu, Ábyrgð, Virkni og Ánægju. Þessi kjörorð eru höfð að leiðarljósi við þau störf sem allir aðilar í skólastarfinu koma að, þar með talin eru þau störf sem lúta að því að framfylgja stefnu skólans.



Hlutverk

Hlutverk Holtaskóla er að miðla þekkingu, skapa gott námsumhverfi og styrkja félagsprosa og jákvæða námshegðun.

Framkvæmd

- Við miðlum þekkingu með fjölbreyttum kennsluaðferðum og kennsluháttum og skilvirkri tengingu við *Aðalnámskrá grunnskóla*
- Við vinnum saman og leggjum metnað í að sækja og miðla hugmyndum og efni jafnt innan skólans og út fyrir skólann
- Við sköpum gott námsumhverfi með því að koma til móts við þarfir, áhuga og hæfileika mismunandi einstaklinga
- Við beitum einstaklingsmiðuðum vinnubrögðum til að koma sem best til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda
- Við kennum jákvæða náms- og félagslega hegðun sem við styrkjum með virkri endurgjöf og uppbyggilegu viðmóti. Til hliðsjónar höfum við fáar en einfaldar reglur sem allir starfsmenn og nemendur skólans virða

Til að ná ofangreindu fram verður starfsfólk Holtaskóla að sýna áhuga og metnað, fagmennsku og góða samvinnu. Vera góðar fyrirmyndir í einu og öllu og vinna með foreldrum og nærumhverfi. Afrakstur ofangreint á að skila nemendum okkar sterkari út í þjóðfélagið.

3.2 Skólabragur

Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og góðan vinnuanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Við viljum að samfélagið okkar einkennist af virðingu, ábyrgð, virkni og ánægju. Tillit er tekið til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni með áherslu á jafnrétti, mannréttindi og lýðræðislegum vinnubrögðum.

3.3 PBS – Stuðningur við jákvæða hegðun

Holtaskóli er svokallaður PBS skóli og starfar eftir agastefnunni Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun (Positive Behavior Support). Í PBS má finna inngripsaðferðir sem byggja á ítarlegum rannsóknum á agamálum í skólum. Með PBS vinnum við að bættum starfsháttum og bættum bekkjaranda í skólanum. Hegðunarvæntingar eru kenndar með reglubundnum hætti og góð hegðun er styrkt með hrósi eða umbun. Einkunnarorð skólans eru: Virðing, Ábyrgð, Virkni og Ánægja eða VÁ, VÁ. Starfsfólk skólans fær kynningar frá teymi um hvernig hægt er að vera samstíga um að gera skólaandann jákvæðan og styðja við jákvæða hegðun. Meira um PBS má finna á heimasíðu skólans www.holtaskoli.is

3.4 Menntastefna Reykjanesbæjar

Árið 2021 gaf Reykjanesbær út endurskoðaða menntastefnu bæjarins og hlaut hún yfirskriftina Með opnum hug og gleði í hjarta. Meginmarkmið stefnunnar er að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum huga og gleði í hjarta. Menntastefnan gildir til ársins 2030 og tekur hún mið af grunnstefnu Reykjanesbæjar sem ber heitið Í krafti fjölbreytileikans. Stefnuáherslurnar Börnin mikilvægust, Barnasáttmáli og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna, Menntastefna fyrir Ísland til 2030 og gildandi aðalnámskrár voru hafðar til hliðsjónar við gerð menntastefnunnar. Menntastefna Reykjanesbæjar byggir á þremur leiðarljósum: Börnin mikilvægust, Kraftur fjölbreytileikans og Faglegt menntasamfélag.



Auk leiðarljósa þriggja byggir stefnan á fimm megin áherslum sem eiga að ná yfir þá eiginleika og hæfni sem við viljum þroska og efla hjá börnum og ungmennum í leik og starfi. Þessum áherslum er ætlað að stuðla að því að börnum líði vel og þau njóti gæða menntunar til að takast á við áskoranir í nútíð og framtíð. Megin áherslurnar fimm eru: **Mér líður vel** - vellíðan er grundvöllur þess að börnum farnist vel, þau séu virk, tileinki sér nám og öðlist hæfni

sjálfum sér og öðrum til heilla. Einkunnarorð eru *vellíðan, sjálfstraust, heilbrigði og gleði*. **Allir með** – mannleg tengsl og samskipti við ólíka aðila fylgja okkur alla ævi. Ánægjuleg og árangursrík samskipti efla jákvæð tengsl og veita okkur gleði. Einkunnarorð eru *félagsfærni, samvinna, virðing og samkennd*. **Opnum hugann** – læsi er samheiti yfir marga færniþætti og endurspeglar hæfni til að skynja og skilja samfélagið og umhverfið og á gagnrýnninn hátt. Læsi er grundvöllur þess að afla sér þekkingar sem eykur víðsýni og þroskar gagnrýna hugsun, ýtir undir valdeflingu, virkni og lýðræðislega þátttöku. Einkunnarorðin eru *læsi, gagnrýnin hugsun, víðsýni og tjáning*. **Sköpunargleði** – sköpun er meðfæddur eiginleiki sem á rætur í eðlislægri forvitni og athafnaþrá. Til að sá eiginleiki fái notið sín þarf að búa börnum og ungmennum umhverfi sem ýtir undir það að þau nýti og njóti sköpunarhæfni sinnar. Einkunnarorð eru *sköpun, frumkvæði, forvitni og nýsköpun*. **Við og jörðin** – formleg og óformleg menntun til sjálfbærni með áherslu á mannréttindi, frelsi og jöfnuð eykur þekkingu og færni til að bregðast við áskorunum nútímans og framtíðarinnar á valdeflandi og skapandi hátt. Einkunnarorð eru *sjálfbærni, umhverfisvitund, frelsi og jöfnuður*.



MÉR LÍÐUR VEL



ALLIR MEÐ



OPNUM HUGANN



SKÖPUNARGLEÐI



VIÐ OG JÖRÐIN

3.5 Jafnrétti og mannréttindi

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Holtaskóla nær til nemenda og starfsmanna skólans. Einkunnarorð skólans eru virðing, ábyrgð, virkni, ánægja. Litið er þannig á að fjölbreytileiki í hópi nemenda og starfsmanna auðgi skólastarf. Starfið byggir á lýðræðislegum gildum og eru mannréttindi og jafnræði haft að leiðarljósi. Nám, kennsla og starfshættir eru í samræmi við það. Skólinn hefur sett sér jafnréttisáætlun, móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur sem byrja í skólanum og samskipta- og eineltisáætlun. Þessar áætlanir má nálgast á heimasíðu skólans. Einnig er unnið eftir áætlun fyrir starfsmenn Reykjanesbæjar gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni. Skólinn leggur mikla áherslu á skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám til að koma til móts við þarfir hvers og eins ásamt því að leggja áherslu á jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.

4 Grunnþættir í menntun og áherslupættir í grunnskólalögum

Í aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex talsins; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Leitast er við að skapa námssamfélag sem hvetur til náms og vekur nemendur til umhugsunar um gildi þess að vera manneskja.

Grunnþættirnir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms nemenda. Með þeim er lögð áhersla á starfshætti og skólabrag sem um leið styrkir nemendur til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í síbreytilegu jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Grunnþættirnir eru fléttaðir inn í allt starf skólans og endurspeglast í kennslu- og starfsháttum, námsmati og skólabrag. Í námi og kennslu ber samkvæmt 24. gr. laga um grunnskóla að leggja áherslu á ýmsa þætti í skólastarfi. Þessir þættir eru sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félags- og borgaravitund, félagsfærni og líkamleg og andleg velferð hvers og eins. Áhersluþættir eru ekki bundnir við einstaka námsgreinar eða afmarkaða þætti skólastarfs heldur eru þeir almennt leiðarljós í allri menntun í skólanum. Sérstaða skóla er útfærð út frá ákvæðum aðalnámskrár.

Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.

5 Markmið náms

Skólanum er ætlað að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni sem býr þá undir nám að loknum grunnskóla og í raun ævilangt. Í Holtaskóla er lögð undirstaða að þátttöku einstaklingsins í lýðræðisþjóðfélagi og þau manngildi ræktuð sem styðja eiga við alhliða þroska, efla vitund um íslenska menningu og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er markmið grunnskóla skilgreint í 2. gr., þar segir að hlutverk grunnskóla í samvinnu við heimilin er að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Skólastarfið leggur grunn að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfar hæfni þeirra til samstarfs við aðra sem og hæfni þeirra til náms. Stuðlað er að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Hæfni felur í sér getu til að hagnýta þá þekkingu og leikni sem nemendur ná að tileinka sér á skólagöngu sinni. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Hæfnin byggir á getu nemandans til að skipuleggja, útskýra og nota hugtök um efni námsgreina. Lykilhæfni er sú hæfni sem ætlað er að stuðla að alhliða þroska nemandans og tengist öllum námssviðum. Hún snýr að því að nemendur nái hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mati á eigin námi. Menntagildi lykilhæfninnar felst í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda, búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og efla þá til að nýta sér styrkleika

sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur. Lykilhæfnipættirnir eiga að vera þjálfaðir alla grunnskólagönguna og eru jafnmikilvægir og annað nám sem fram fer í skólanum. Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni eru skilgreind í aðalnámskrá 2011 við lok 4., 7. og 10. bekkjar.

Til þess að mæta auknum kröfum um flóknara og fjölbreyttara nám nemenda þurfa að vera breyttar kröfur til kennara og þess starfs sem unnið er í skólum. Krafan verður sífellt hávæðari um að nemendur búi yfir ákveðinni hæfni til þess að geta fótast sig í sífellt breytilegum heimi. Nemendur eiga að geta beitt gagnrýnni hugsun, leyst flókin viðfangsefni, átt í skilvirkum samskiptum og samstarfi auk þess að geta unnið sjálfstætt. Til að ná þeim markmiðum ætlum við að innleiða leiðsagnarnám í Holtaskóla og mun innleiðingarferlið taka þrjú ár. Þeir skólar sem ná mestum árangri byggja starf sitt á formgerðu lærdómssamfélagi sem felur í sér skipulagt samstarf bæði kennara og skólastjórnenda. Lærdómssamfélagið er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Til að lærdómssamfélagið verði árangursríkt er mikilvægt að innan skólans ríki menning sem hvetji og viðhaldi stöðugu námi meðal starfsfólki skólans í þeim sameiginlega tilgangi að styðja við og styrkja nám nemenda. Það sem einkennir faglegt lærdómssamfélag er sameiginleg sýn og gildi þar sem nemandinn er í brennidepli, dreifð og styðjandi forysta, gagnvirkt nám þar sem fagmenn læra hver með öðrum og hver af öðrum, gagnrýnin ígrundun og gagnkvæmur stuðningur samstarfsfólks og stjórnenda, sameiginleg ábyrgð, gagnkvæmt traust og að lokum starfsfólk sem miðlar hugmyndum og aðferðum um betri kennslu með gagnrýnni ígrundun. Í lærdómssamfélagi ríkir það viðhorf að allir nemendur geti lært og allir eigi rétt á að taka framförum og að þroskast óháð bakgrunni eða líffræðilegum hömlum. Starfsmenn leita leiða í sameiningu til að stuðla að framförum og þroska allra. Lærdómssamfélag er meðal annars leið til þess að skapa tækifæri fyrir fagfólk til að læra nýjar leiðir og að skapa nýja þekkingu. Meginmarkmið þess að innleiða faglegt lærdómssamfélag er að bæta faglega þekkingu kennara, vellíðan og búa til jákvæð áhrif á nám nemenda.

5.1 Sérdeild

Í skólanum er Eik, sérdeild fyrir nemendur með einhverfu. Deildinni er ætlað að þjóna öllum skólahverfum í Reykjanesbæ. Við deildina starfa þrír kennarar sem sjá um sérkennslu, þrír þroskaþjálfar sem sjá um þjálfun og sex starfsmenn skóla. Í deildinni eru ellefu nemendur. Deildarstjóri og þroskaþjálfar sjá einnig um ráðgjöf til kennara og starfsfólks sem hafa umsjón með nemendum á einhverfurófinu, hvort sem er nemendum sem eru í Eikinni eða nemendum sem eru í almennum bekkjardeildum. Í deildinni er notuð kennsluaðferð sem kallast TEACCH

– eða skipulögð kennsla. En með því að skipuleggja umhverfið, setja upp dagskrá, vinnukerfi og sjónrænt skipulag eykst færni barna með röskun á einhverfurófi og gerir þau færari um að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum. Einnig er notuð atferlismótun þar sem jákvæð hegðun er styrkt. Kennsla í deildinni er að öllu leyti einstaklingsmiðuð þar sem styrkleikar hvers og eins eru hafðir í fyrirrúmi. Nemendur Eikarinnar fylgja bekknum sínum eins mikið og geta þeirra leyfir. Stefna Eikarinnar er að veita nemendum með einhverfu kennslu og námsumhverfi í samræmi við þeirra þarfir og sem hæfir þeim best og stuðla að því að nemendur fái aukið sjálfstraust, sjálfstæði og öðlist betri samskiptahæfni.

5.2 Sérkennsla/stuðningskennsla

Samkvæmt 13. gr. grunnskólalaga eiga allir nemendur rétt á að fá kennslu við sitt hæfi. Sérkennsla er ein af mörgum leiðum til að ná þessu markmiði og stefnt er að því að hún verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu. Leitast er við að mæta námsþörfum nemenda inni í bekk þar sem því er viðkomið þó stundum reynist nauðsynlegt að taka nemandann út úr kennslustund til frekari þjálfunar. Þar getur verið um að ræða tímabundinn eða samfelldan stuðning til lengri eða skemmri tíma. Stefnt er að því að nemendur fylgi námskrá síns árgangs. Kennsla nemenda sem víkja frá námsefni jafnaldra í einhverjum fögum er skipulögð út frá einstaklingsnámskrá. Áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra/forráðamenn nemanda sem þarfnast stuðnings til að góður árangur náist. Gera verður foreldrum/forráðamönnum og nemendum grein fyrir þeim markmiðum sem sett eru í sérkennslu/stuðningskennslu, tilhögun hennar og vali námsgagna. Því meiri þátt sem foreldrar og fjölskyldur nemenda eiga í því að taka ákvörðun um sérkennslu fyrir börn sín því meiri líkur eru til að sérkennslan nái tilætluðum árangri.

5.3 Námsver

Tvö námsver eru við skólann, annað fyrir 1.–7. bekk og hitt fyrir 8.–10. bekk. Námsverskennari ber ábyrgð á að útbúa einstaklingsnámskrá fyrir þau fög sem nemendur sem sækja í námsverið. Nemendur námsvera eru skráðir í bekki en meginverkefni umsjónarkennara er að gæta félagslegrar stöðu nemenda með því að tryggja gott upplýsingastreymi til námsverskennara svo nemendur verði virkir þátttakendur í samfélagi skólans. Ljóst er að þetta fyrirkomulag gerir kröfu um ríkt samstarf milli námsvers- og umsjónarkennara. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun í yngstu bekkjunum og fara stjórnendur auk verðandi umsjónarkennara á upplýsingafund með leikskólum á vorönn og undirbúa móttöku nemenda með sérþarfir í samvinnu við foreldra og menntasvið.

5.4 Íslenska sem annað mál

Í skólanum er Málver, deild sem kennir íslensku sem annað tungumál og er ætluð nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis. Í kennslunni er lögð áhersla á talmál, skilning, hlustun, lestur, ritun, skóla- og menningarfærni. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar og er tekið mið af aldri og stöðu nemenda hverju sinni. Markvisst er unnið að því að nemendur geti tekið þátt í almennu námi með jafnöldrum sínum. Stöðumat fyrir erlenda nemendur er lagt fyrir en það gefur innsýn í hvaða reynslu og þekkingu nemandinn hefur og hvaða nemendur þurfa sérstakan stuðning við námið. Misjafnt er hve marga tíma nemendur fá í kennslu í málveri, það fer allt eftir kunnáttu í íslensku tungumáli.

5.5 Einstaklingsnámskrá

Að hausti er gerð einstaklingsnámskrá og áætlun í samráði við foreldra/forráðamenn og sérkennara/proskapjálfa fyrir þá nemendur sem víkja frá markmiðum bekkjarnámskrár. Einstaklingsnámskráin er aðgengileg á mentor. Einstaklingsnámskrá byggir á aðalnámskrá en felur oft í sér veruleg frávík frá henni og tekur til markmiða, inntaks, leiða og námsmats fyrir ákveðið tímabil. Hún byggir á námslegri stöðu nemenda með hliðsjón af greiningum, greinandi prófum og öðrum upplýsingum sem liggja fyrir um stöðu nemenda.

Umsjónarkennarar, fagreinakennarar, námsverskennarar og proskapjálfar halda utan um gerð einstaklingsnámskrá sinna nemenda og bera umsjónarkennarar ábyrgð á því að hún sé til staðar víki nemandi frá námi og skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna liggja fyrir.

5.6 Teymisfundir

Teymisfundir eru haldnir eftir þörfum þar sem umsjónarkennari, deildarstjóri stoðþjónustu, proskapjálfi, námsráðgjafi, foreldrar og þjónustuaðilar utan skólans, eftir hvað við á, hittast og fara yfir stöðu mála. Almennt er miðað við að teymisfundir séu einu sinni til tvisvar á önn. Fundað er oftast ef þörf er á. Fundargerð er rituð, lesin upp í lok fundar, undirrituð og sett í persónumöppu nemandans.

5.7 Ráðgjöf og greiningarpróf

Umsjónarkennarar, kennsluráðgjafar menntasviðs og deildarstjórar sjá um fyrirlögn og úrvinnslu skimana. Aðgerðaáætlanir vegna niðurstaða skimana eru unnar í samstarfi milli deildarstjóra stoðþjónustu og umsjónarkennara/ faggreinakennara eftir því sem við á, stundum með aðkomu kennsluráðgjafa. Í starfsáætlun Holtaskóla er að finna nákvæmt yfirlit yfir þær skimanir sem framkvæmdar eru í skólanum. Vakni grunur um að nemandi glími við námstengda erfiðleika er honum vísað í greiningu til sérfræðings en það er nemendaverndarráð, á grundvelli gagna frá umsjónarkennara og foreldrum, sem setur mál

nemandans í réttan farveg. Aðilar sem koma að frekari greiningu og ráðgjöf eru skólasálfræðingur, talmeinafræðingur, kennsluráðgjafar á vegum menntasviðs Reykjanesbæjar og deildarstjórar skólans. Í einstaka tilfellum koma aðrar þjónustustofnanir að greiningu nemenda og er þá deildarstjóri stoðþjónustu eða skólastjóri milliliður. Í kjölfar greiningar er haldinn skilafundur með foreldrum sem fá ráðgjöf en í skólanum er námið aðlagð að þörfum nemanda eftir atvikum. Eintak af greiningarniðurstöðum er geymt í persónumöppu nemandans í skjalaskáp skólans. Mikilvægt er að greiningargögn fylgi barni þegar það yfirgefur skólann en hægt er að fá afrit af þeim greiningargögnum sem skólinn hefur í sinni vörslu þegar nemandi útskrifast.

6 Námsmat

Megintilgangur námsmats samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum námsins. Námsmat er einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu og miðar að því að afla sem öruggastar vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaka nemanda eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Skólaár Holtaskóla er eitt tímabil og í skólanum á sér stað bæði formlegt og óformlegt námsmat allt skólaárið. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þ.e. að nemendur geti bætt námsárangur sinn og skilji til hvers er ætlast af þeim. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að nemendur þurfi að öðlast vissa hæfni til að geta nýtt þekkingu sína og leikni. Mat á hæfni byggir því ekki eingöngu á mati á þekkingu nemandans eða leikni til að framkvæma, heldur getu hans til að skipuleggja, útskýra og nota hugtök um efni viðkomandi námsgreinar eða námssviðs. Í október og janúar fara kennarar ásamt foreldrum og nemendum yfir markmið og væntingar til náms. Tekið er tillit til mismunandi þroska, getu og bakgrunns nemenda við mat og markmiðssetningu. Mat á frammistöðu nemenda birtist á Mentor allt skólaárið og eru foreldrar hvattir til að fylgjast vel með námsmati barna sinna. Námsmat er ekki eins hjá öllum námshópum og einstaklingum. Í umsagnarreit kemur fram ef um frávík er að ræða. Námsgrein er merkt með stjörnu ef nemandi vísar frá námsmarkmiðum árgangsins. Stjörnumerktur vitnisburður merkir að nemandi fylgir ekki námsefni og námsmati árgangsins og er þar af leiðandi í aðlöguðu námsefni. Nánari upplýsingar um námsmat má finna á heimasíðu skólans https://issuu.com/holtaskoli/docs/kynningarb_klingur_fyrir_a_standendur_og_nemendur.

6.1 Samræmt námsmat

Samræmd könnunarpróf, sem hafa lögð fyrir síðustu ár verða ekki lögð fyrir fyrir nemendur til ársins 2024. Með lagabreytingu var skyldu um lagningu prófanna frestað á meðan unnið er áfram að þróun nýs samræmds námsmats sem nefnist Matsferill og mun það leysa samræmdu prófin af hólmi.

Matsferill er nýtt samræmt námsmat sem byggir á tillögum starfshóps frá árinu 2020 um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Breiður hópur sérfræðinga og hagsmunaaðila vann tillögurnar. Aðalmarkmiðið er að færa skipulag námsmats nær nemendum og kennurum þannig að það þjóni nemendum sem verkfæri, aðgengilegu fyrir kennara og skóla til að nota eftir þörfum. Með þessum breytingum á að fjölga verkfærum skólanna. Matsferill á að gefa nákvæmari mynd af stöðu og framvindu nemanda sem nýtist kennurum, nemendum, forsjáraðilum og skóla á þann veg að hægt verði að sjá hvað þurfi að bæta. Gert er ráð fyrir að útfærsla verkefnisstjórnar á fyrirkomulaginu til framtíðar liggi fyrir vorið 2023 og að samráð um áframhaldandi þróun Matsferils haldi áfram með hagsmunaaðilum.

7 Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða innra mat sem skólar framkvæma sjálfir. Hins vegar er um að ræða ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og faglega ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Við innra mat fer fram greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrir fram ákveðnum viðmiðum. Lýðræðisleg viðbrögð eru viðhöfð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu til að stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð. Skipulag innra mats í Holtaskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Árlega er gerð sjálfsmatsskýrsla sem birt er á heimasíðu skólans. Nánari útfærslu á mati á skólastarfi má finna í starfsáætlun skólans.

Skólinn tekur þátt í könnunum Skólapúl síns. Nemendakönnun er framkvæmd árlega en foreldra- og starfsmannakönnun annað hvert skólaár. Einnig er árlega send út vinnustaðagreining frá Maskínu á vegum Reykjanesbæjar. Greiningin gefur góðar upplýsingar um starfsánægju, líðan, stjórnun og viðhorf.

Haustið 2019 tók Holtaskóli þátt í ytra mati Menntamálastofnunar. Matinu er fyrst og fremst ætlað til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs ásamt því að stuðla að

umbótum. Heilt yfir voru niðurstöður ytra mats mjög jákvæðar og margir styrkleikar komu fram. Í framhaldi af skýrslu um ytra mat unnu stjórnendur umbótaáætlun sem send var til Menntamálastofnunar og hafist var handa við vinnu við þá umbótaþætti sem þurfti. Að vori 2022 skiluðu stjórnendur skýrslu til Menntamálastofnunnar um mat á umbótaáætlun frá hausti 2019. Upplýsingar um ytra mat má finna á heimasíðu skólans.

8 Þróunarstarf

Starfsfólk Holtaskóla leggur sig fram við að leita nýrra leiða til að þróa og efla skólastarfið. Í þeirri viðleitni eru jafnt og þétt unnin þróunarverkefni til að stuðla að fjölbreyttu og öfluglu skólastarfi.

Skólaárið 2020 hófst innleiðing á heilsuefandi grunnskóli undir stjórn heilsu- og forvarnarteymis skólans skólans og stendur sú vinna enn yfir.

Haustið 2021 hófst þróunarverkefni við smíðjur á yngsta- og miðstigi og stendur sú vinna enn yfir.

Skólaárið 2021-2022 og 2022-2023 tók allir í skólar í Reykjanesbæ þátt í verkefninu Skólaslit í samvinnu við Ævar vísindamann með það markmið að stuðla að auknum áhuga nemenda á lestri.

Innleiðing á leiðsagnarnámi hófst haustið 2022 og mun a.m.k. taka þrjú ár. Hugmyndarfræði og nálgun leiðsagnarnáms byggir á niðurstöðum fjölda menntarannsókna víða um heim á síðustu áratugum. Aðferðin hefur ótvíræð áhrif á námsmenningu skóla, sjálfsmynd nemenda, aukna hæfni til samvinnu og á námsárangur. Nokkrir stjórnendur og kennarar eru skráðir á námskeið á vegum Menntafléttu Háskóla Íslands og munu þeir leiða rýnihópasamtöl kennara yfir veturinn. Einnig mun Nanna Kristín Christiansen, uppeldis- og menntunarfræðingur og höfundur bókarinnar Leiðsagnarnám, koma með innlegg og stuðning vegna innleiðingarinnar.

8.1 Endur- og símenntun

Samkvæmt grunnskólalögum 91/2008 á hver skóli, að frumkvæði skólastjóra, að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennarar og skólastjórar grunnskóla eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína en símenntun starfsmanna telst öll formleg fræðsla eins og nám, námskeið, fræðsluerindi og fræðslufundir. Einnig telst óformleg fræðsla eins og vettvangsferðir, handleiðsla, kynningar á kennarafundum, heimsóknir í kennslustundir hjá samkennurum og skipulagðir leshringir til símenntunar.

Ákvarðanir um námskeið eða fræðslufundi Holtaskóla byggja á stefnu skólans, áherslum hans og framtíðarsýn menntasviðs Reykjanesbæjar. Starfsmenn gera skólastjóra grein fyrir þeim

símenntunarpáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og bæta þekkingu sína. Skólastjóri greinir starfsmanni frá þeim markmiðum sem hann vill að starfsmaður nái.

Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlunin sé ávallt í endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni. Starfsmenn eru hvattir til þátttöku í fræðslu og námskeiðum. Starfsmenn skrá sjálfir menntun sína á þar til gert eyðublað og skila til skólastjóra að vori. Farið er yfir símenntunaráætlunina með starfsfólki að hausti.

Samkvæmt símenntunaráætlun skóla ber starfsmönnum að sækja þau námskeið sem þeim er ætlað að fara á enda sé hún gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamnings. Endanleg ákvörðun símenntunar er í höndum skólastjóra. Nánari útfærslu má finna í starfsáætlun skólans.

9 Móttökuáætlanir

9.1 Skólabyrjun 1. bekkjar

Nemendur skólahópa á lokaári leikskóla koma í heimsóknir í skólann nokkrum sinnum yfir veturinn ásamt leikskólakennurum. Foreldrum og væntanlegum nemendum er boðið á fund að vori þar sem skólastjórnendur kynna skólastarfið, væntanlega umsjónarkennara og sýna skólann. Nemendur mæta síðan að hausti ásamt foreldrum sínum og skólastarf hefst samkvæmt skóladagatali.

9.2 Móttaka nemenda eftir að skólastarf er hafið

Skólastjórnandi boðar nemandann og forráðamenn hans í viðtal, sýnir þeim skólahúsnæðið og kynnir fyrir þeim umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa ef um barn með sérþarfir er að ræða. Nemandinn byrjar í skólanum daginn eftir skólaheimsóknina eða eftir samkomulagi foreldra og skólastjórnenda. Umsjónarkennari sér um að nýr nemandi fái aðstoðarmann úr hópi bekkjarfélaga sem aðstoðar hann fyrstu dagana. Umsjónarkennari aflar sér upplýsinga um nýja nemandann frá foreldrum og/eða þeim skóla sem barnið sótti áður. Umsjónarkennari er í góðu sambandi við forráðamenn og veitir nauðsynlegar upplýsingar.

Það sem foreldrar þurfa að vita:

- Skólareglur
- Tilkynningar varðandi veikindi og leyfi
- Upplýsingar um skóladagatal, stundatöflu, umsjónarbekk og námsbækur
- Upplýsingar um Mentor og fá aðgangsorð
- Upplýsingar um sund og íþróttakennslu og list- og verkgreinar
- Upplýsingar um ýmsar skólahefðir, t.d. ferðir á vegum skólans, jól, árshátíð, PBS umbun og fleira

- Fyrirkomulag heimanáms, matarmála og frímínútna
- Upplýsingar um Frístundaheimili
- Félagslíf/tómstundastarf
- Miðlun skólans á upplýsingum, heimasíða, Facebook og Mentor
- Upplýsingar um stoðþjónustu skólans

9.3 Móttaka erlendra nemenda

Foreldrar/forráðamenn sækja um skólavist á www.mittreykjan.es. Móttökuáætlun Holtaskóla byggir á handbók sem ÍSAT teymi menntasviðs Reykjanesbæjar vann sem nálgast má hér <https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/handbok-isat-2017-3-.pdf>

Nemandinn mætir á fund með forráðamönnum, túlki (ef þarf), deildarstjóra, umsjónarkennara og verkefnastjóra ÍSAT. Þar skiptast skólinn og foreldrar á mikilvægum upplýsingum sem varða skólagöngu barnsins. Heilbrigðisvottorð, bólusetningarvottorð og dvalarleyfi þarf að fylgja umsókn um skólavist. Vottorð um læknisskoðun þarf frá börnum sem voru búsett utan Evrópusambandsins. Í framhaldi af viðtalinu metur kennari/verkefnastjóri í íslensku sem annað tungumál (ÍSAT), umsjónarkennari og deildarstjóri stöðu nemandans í námi. Lagt er fyrir nemanda stöðupróf á tungumáli viðkomandi eins fljótt og því er viðkomið. Á grundvelli þessara upplýsinga er unnin einstaklingsnámskrá. Í samráði við skólastjórnendur ákveður verkefnastjóri ÍSAT tímafjölda í íslensku sem öðru tungumáli fyrir nemandann en sá tímafjöldi miðast við mat á stöðu nemandans. Að öðru leyti fer móttaka nemandans fram á sama hátt og hjá öðrum nýjum nemendum skólans.

10 Samvinna heimilis og skóla

Í skólanum er lögð áhersla á gott samstarf við foreldra nemenda skólans. Velferð nemenda og góð námsframvinda byggir ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna. Hlutverk foreldra er að gæta hagsmuna barna sinna, eiga gott samstarf við skóla og taka þátt í námi barnanna og sjái til þess að þau mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Í skólum þar sem gott samstarf er við forráðamenn má búast við að nemendur nái mun betri námsárangri, gott samstarf hefur einnig áhrif á líðan nemenda í skólanum og námsáhuga þeirra. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli starfsfólks skóla og heimila stuðlar að gagnkvæmu trausti. Mikilvægt er að foreldrar upplýsi starfsmenn skólans um atriði sem geta haft áhrif á líðan nemandans í skólanum, (t.d. viðburðir, áföll, veikindi). Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna. Mikilvægt er að foreldrar tali jákvætt um skólann, starfið sem þar er unnið og starfsfólkið því viðhorf foreldra hafa að sjálfsögð mótandi áhrif á viðhorf

nemenda. Foreldrar eru hvattir til að benda á það sem betur má fara með því að hafa samband við starfsfólk skólans. Áhersla er lögð á upplýsingagjöf frá skóla til heimilis og einnig nána samvinnu um úrlausn vandamála sem upp kunna að koma. Foreldrar geta óskað eftir viðtölum við kennara og einnig eru höfð samskipti með tölvupósti, fundum og í gegnum Mentor.

10.1 Upplýsingasmiðlun

Kennarar hafa viðtalstíma eftir samkomulagi. Best er að hafa samband við kennara með tölvupósti til að panta viðtal eða í gegnum skrifstofustjóra skólans. Allir starfsmenn eru með netfang og tölvupóstur er ákjósanlegur í almennum samskiptum við einstaka kennara eða skólann. Ef um viðkvæm mál er að ræða er æskilegra að fá viðtal við kennara eða skólastjórnendur. Mikilvægt er að forráðamenn séu með virk netföng skráð á Mentor því oft eru tilkynningar sendar út rafrænt. Ekki er ætlast til að forráðamenn nýti samskiptamiðla til samskipta við kennara.

Upplýsingar frá skólanum eru birtar á heimasíðu skólans, m.a. skóladagatal, skólanámskrá, starfsáætlun, starfsmannalisti og fleira. Upplýsingar um námsmarkmið, námsmat, heimanám, ástundun og fleira tengt námi hvers nemanda er birt á Mentor.

10.2 Heimasíða og Facebook

Holtaskóli er með heimasíðu. Slóðin er: www.holtaskoli.is. Þar birtast reglulega fréttir og tilkynningar er varða skólastarfið og ýmsar hagnýtar upplýsingar er þar að finna um skólann. Holtaskóli er á Facebook. Þar deilum við fréttum m.a. frá heimasíðu sem og tilkynningum til forráðamanna.

10.3 InfoMentor

Fjölskylduvefur Mentor er notaður til að auka upplýsingaflæði til heimila og auka þannig möguleika foreldra/forráðamanna til að fylgjast með skólastarfinu. Á mentor.is fá foreldrar upplýsingar um stöðu nemenda, s.s. ástundun, hæfnikort, námsmat o.fl. Þar birtast stundaskrár, upplýsingar um heimavinnu, nafnalistar og ýmsar tilkynningar frá skólanum. Foreldrar/forráðamenn nemenda og nemendur fá aðgangsorð að Mentor hjá skrifstofustjóra. Einnig er hægt að sækja Mentor app fyrir snjalltæki.

10.4 Samskiptadagar

Samtalsdagar eru í september/október og janúar/febrúar ár hvert. Lögð er áhersla á að forráðamenn og nemendur mæti í viðtöl til umsjónakennara. Forráðamenn bóka sjálfir viðtalstíma í gegnum Mentor. Ef forráðmenn bóka ekki viðtal hefur umsjónarkennari samband og bókar tíma fyrir viðtal. Fag-, sérgreina- og íþróttakennarar eru til viðtals á samskiptadögum.

10.5 Bekkjarfulltrúar

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Kennarar óska eftir bekkjarfulltrúum í upphafi skólastarfs að hausti. Æskilegt er að bekkjarfulltrúar séu minnst tveir fyrir hvern bekk þannig að starfið verði ekki íþyngjandi á neinn hátt. Hlutverk bekkjarfulltrúa er m.a. að vera tengiliðir við stjórn foreldrafélagsins.

10.6 Heimsóknir forráðamanna

Forráðamenn eru alltaf velkomnir í skólann. Þeim er einnig boðið að koma í heimsókn við sérstök tækifæri eins og t.d. þegar nemendur hafa lokið við þemaverkefni, á jólagleði, árshátíð o.s.frv.

11 Samfella milli skólastiga

„Brúum bilið“ er samstarf grunn- og leikskóla í Reykjanesbæ. Holtaskóli á í góðu samstarfi við leikskólann Hjallatún. Helstu markmið samstarfsins eru að skapa samfellu í námi sem og tryggja farsælan flutning barna úr leikskóla yfir í grunnskóla með góðum undirbúningi og aðlögun. Við upphaf vetrar hittast kennarar og skipuleggja samstarf vetrarins sem felst í reglulegum heimsóknum beggja aðila. Elstu börn leikskólans, svokallaður skólahópur, heimsækir skólann reglulega yfir veturinn. Heimsóknirnar eru með fjölbreyttum hætti, leikskólanemendur kynnast sem flestum þáttum skólastarfsins s.s. kennslustund, bókasafni, leikfimi, frímínútum o.fl. Nemendur í 1. bekk heimsækja leikskólann a.m.k. tvisvar sinnum yfir veturinn og rifja upp kynni sín við skólann og starfsfólkið.

Að vori hittast deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar leikskólanna. Á þessum fundi er farið yfir málefni einstakra nemenda sem eru að hefja nám að hausti. Á fundinum fær skólinn afhentar greiningar og önnur trúnaðargögn hvers barns með vitund foreldra. Gögn um væntanlega nemendur eru settar í persónumöppu þeirra í skjalaskáp skólans.

11.1 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Holtaskóli hefur um langt skeið átt farsælt samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja en það er námsráðgjafi skólans sem er tengiliður skólans við framhaldsskóla. Nemendur í 9. bekk heimsækja Fjölbrautaskólann að vori til. Nemendur kynnast skólanum ásamt því að fá upplýsingar um þær námsbrautir sem eru í boði. Nemendur í 10. bekk fá kynningu frá námsráðgjafa um nám í framhaldsskólum víða um land. Nemendur hafa einnig fengið kynningu frá fulltrúum Menntaskólans á Ásbrú, Fisktækniskólanum og Framhaldsskólanum að Laugum. Nemendur í 10. bekk fara í heimsókn í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í janúar/febrúar þar sem náms- og starfsráðgjafar þar taka á móti nemendum, ganga með þá um skólann og fræða nemendur um starf skólans og fara ítarlega yfir þær námsleiðir sem eru í boði hjá FS og hvaða

inntökuskilyrði eru fyrir hendi. Forráðamönnum er einnig boðið að koma á kynningu í FS á vormánuðum, þá taka náms- og starfsráðgjafar og kennarar á móti nemendum og forráðamönnum þeirra og kynna allt það sem FS hefur upp á að bjóða.

Þeir nemendur í 9. bekk sem uppfylla ákveðin náms- og mætingarskilyrði geta sótt tiltekna áfanga í iðngreinum sem valgrein og þeir nemendur í 10. bekk sem uppfylla ákveðin náms- og mætingarskilyrði eiga kost á því að taka ákveðna bóklega áfanga sem og áfanga í iðngreinum sem valgrein í Fjölbrautarskóla Suðurnesja sem valgrein. Forráðamenn bera þann kostnað sem er að námi í Fjölbrautaskólanum eins og með aðrar valgreinar sem eru teknar utan skóla. Með þessu geta nemendur flýtt fyrir framhaldsnámi sínu.

11.2 Tilfærsluáætlun milli skólastiga

Tilfærsluáætlun er gerð fyrir þá nemendur sem munu nema á starfsbrautum í framhaldsskóla og vinna eftir einstaklingsáætlunum. Í þeim tilfellum er gerð skrifleg greinargerð um náms- og félagslega stöðu nemenda. Einnig funda deildastjóri stoðþjónustu, náms- og starfsráðgjafi, kennari í námsveri, verkefnastjóri námsmats og náms- og starfsráðgjafi Fjölbrautaskóla Suðurnesja vegna þeirra nemenda sem þar munu nema. Tilgangur þess er að tilfærsla nemandans frá grunnskóla til næsta stigs gangi sem greiðlegast.

12 Tengsl skóla við nærsamfélagið

Mikilvægt er að skólinn byggji upp virk tengsl við nærsamfélag sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir. Þessi tenging snýr t.d. að umhverfi, menningu, listum, íþróttum, félags- og tómstundastarfi og atvinnulífi. Holtaskóli er í góðum samskiptum við ýmsa aðila í nærsamfélaginu og má þar m.a. nefna, Brunavarnir Suðurnesja, lögreglu, Bókasafn og listasöfn Reykjanesbæjar ásamt ýmsum fyrirtækjum sem leitað er til vegna vinnustaðanáms nemenda.

12.1 Tónlistarskóli Reykjanesbæjar

Tónlistarskólinn hefur aðstöðu í Holtaskóla fyrir þá nemendur sem stunda nám við skólann. Nemendur í 1. og 2. bekk stunda nám í forskóla tónlistarskólans og nemendum skólans gefst kostur á að sækja tíma í hljóðfæranámi í skólanum á skólatíma. Tónlistarskólinn hefur þrjár kennslustofur til hljóðfærakennslu. Nemendur í 8. - 10. bekk sem stunda nám við tónlistarskólann eiga kost á því að fá það metið sem valgrein.

12.2 Samstarf við íþróttamiðstöðvar

Gott samstarf er milli starfsmanna Holtaskóla og Vatnaveraldar og íþróttahúss. Nemendur skólans nýta aðstöðu íþróttamiðstöðvarinnar til leikfimi- og sundkennslu en auk þess fáum við

að nýta íþróttahúsið fyrir t.d. árshátíð. Einnig eru samskipti stjórnenda við yfirmenn og starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar góð og traust þar sem starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar eru með nemendur skólans í sinni umsjón í leikfimi- og sundtímum.

12.3 Samskipti við íþróttafélög

Gott samstarf er við íþróttafélög og dansskóla sem eru starfandi í Reykjanesbæ um að nemendur í 8.-10. bekk geta tekið tíma af valgreinum í íþróttaiðkun. Nemendur sem óska eftir að nýta sínar íþróttaiðkun sem val sækja um það að vori og skila staðfestingu þess efnis þar sem forráðamaður og þjálfari staðfestir. Umsjón með valgreininni er í höndum deildarstjóra.

12.4 Samskipti við Björgunarsveitina

Í gildi er samningur við Björgunarsveitina Klett. Nemendur í 9 og 10. bekk sem stunda félagsstarf hjá björgunarsveitinni fá það metið sem valgrein. Umsjón með valgreininni er í höndum deildarstjóra sem hefur samskipti við leiðbeinendur í unglingadeildinni um mætingar auk annars.

12.5 Samstarf við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri

Samkvæmt samningi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri er Holtaskóli viðtökuskóli kennaranema í æfingarkennslu. Í því felst að skólinn tekur á móti kennaranemum til leiðsagnar og þjálfunar.

12.6 Samstarf við Tungumálaver Laugalækjaskóla

Samstarf er við Tungumálaver Laugalækjaskóla vegna tungumálanáms í norsku og sænsku í 7. – 10. bekk eftir þörfum nemenda hverju sinni.

13 Öryggisvarnir og aðbúnaður

13.1 Frímínútur og gæsla

Nemendur í 1. - 7. bekk fara út í frímínútur. Gæsla í frímínútum, bæði úti og inni er í höndum starfsmanna skólans. Nemendur í 8. - 10. bekk geta verið á sal skólans eða í gryfju í frímínútum. Yngri nemendum er óheimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma. Ef foreldrar vilja fá börn sín heim í hádegi skulu þeir láta umsjónarkennara vita.

13.2 Hjól og önnur farartæki

Hjól, hjólabretti, línuskautar og rafskutlur eru leyfð til að ferðast til og frá skóla og þá er skylda að nota hjálm samkvæmt lögum. Notkun hvers kyns hjóla er óheimil á skólalóðinni á skólatíma.

13.3 Umgengni

Nemendur hengja yfirhafnir á snaga við heimastofu sína en geyma skó í skóhillum við innganga skólans. Nemendum ber að ganga snyrtilega um eigur skólans og umhverfi og í kennslulok sjá kennarar til þess að nemendur gangi vel frá stofu. Tekin hefur verið upp hægri umferð innanhúss til að auka tillitssemi og virðingu. Allir venja sig á að ganga hægra megin upp og niður stiga og á göngum.

13.4 Ábyrgð á persónulegum eigum nemenda

Skólinn tekur ekki ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum nemenda, nema hægt sé að rekja tjón til starfsfólks eða vanbúnaðar skólans. Foreldrar eru beðnir að sjá til þess að nemendur komi ekki með peninga eða önnur verðmæti í skólann að óþörfu.

13.5 Tryggingar

Öll skólabörn eru tryggð hvort sem það eru líf-, örorku eða slysaftryggingar á meðan þau eru á ábyrgð skólans á skólatíma s.s. á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Gera skal skýrslu um öll óhöpp sem koma upp og senda tryggingafélagi til varðveislu. Foreldrum er bent á að reikningar sem verða til vegna áverka/slysa sem börn verða fyrir skulu sendir viðkomandi tryggingafélagi sem sér um að greiða viðkomandi sjúkrakostnað enda er skýrslan í þeirra höndum.

13.6 Aðkoma að skólanum og umferðaöryggi

Nemendur eru hvattir til að koma gangandi í skólann og bent er á nauðsyn þess að þeir séu með endurskinsmerki svo ökumenn eigi auðveldara með að sjá þá í skammdeginu. Nauðsynlegt er að foreldrar finni með börnum sínum bestu og öruggustu leiðina í skólann, hvetji þau til að nota gangbrautir og bendi þeim á slysagildirur sem ber að varast.

Mikil umferð er oft við skólann á morgnana og því er nauðsynlegt að gæta fyllstu varúðar við skólann. Foreldrar sem aka börnum sínum í skólann eru beðnir um að nota hringtorgið fyrir neðan aðalinngang skólans vegna slysaættu sem getur skapast ef keyrt er inn á bílastæði starfsfólks.

13.7 Skólalóð

Skólalóð Holtaskóla er með ágætu úrvali af leiktækjum. Á lóðinni er upphitaður gervigrasvöllur með fótboltamörkum og körfuboltavöllur. Leikvellir skólans eru upplýstir sem og skólalóð.

13.8 Húsnæði skólans

Húsnæði skólans er 4517 fermetrar á tveimur hæðum með aðgangi að íþróttahúsi og sundlaug í næstu húsum. Húsakynni eru 20 almennar stofur, stór salur sem notaður er fyrir hvers kyns viðburði og sem mötuneyti. Tvær líffræði- og eðlisfræðistofur, tvö tónlistarherbergi, myndmenntastofa, textílstofa og smíðastofur, tölvuver og tækniver, bókasafn, tvö námsver, tvær heimilisfræðistofur, kaffistofa starfsfólks, fundarherbergi, tvö vinnuherbergi kennara, tvær bókageymslur, skrifstofa skólans, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra, skólahjúkrunarfræðings, náms- og starfsráðgjafa og umsjónarmanns fasteigna. Einnig er mötuneyti fyrir starfsfólk og nemendur og félagsaðstaða nemenda. Að auki eru tvær lausar kennslustofur við skólann.

14 Forvarnaráætlanir

14.1 Samskipta- og eineltisáætlun

Leiðarljós Holtaskóla:

Holtaskóli er samfélag sem einkennist af virðingu, ábyrgð, virkni og ánægju. Í því felst að einelti er ekki liðið í Holtaskóla því það er á allan hátt í andstöðu við leiðarljós skólans. Í einelti felst virðingarleysi, óábyrgð, það dregur úr virkni þess sem fyrir því verður og ánægju þátttakenda og þeirra sem í skólanum eru. Í skólanum starfar samskipta- og eineltisteymi sem vinnur að forvörnum gegn einelti samkvæmt PBS- kerfinu, Stöndum saman - Forvarnir gegn einelti í heildstæðum stuðningi við jákvæða hegðun auk þess sem teymið er kallað til komi upp samskiptavandi eða eineltismál. Eyðublað til að tilkynna samskiptavanda eða einelti er á heimasíðu skólans og er meðal annars hægt að tilkynna rafrænt. Á heimasíðu skólans má einnig finna góðan gátlista fyrir foreldra ef upp kemur grunur um samskiptavanda eða einelti.

Hvað er einelti?

Einelti er endurtekin athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, móðga, særa, mismuna, útskúfa eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Einelti hefur margar birtingarmyndir en það getur falist í móðgun, særandi orðræðu, ógnun, baktali, útbreiðslu lyga og líkamsmeiðingum svo eitthvað sé nefnt. Fólk hefur misjafnt sársaukapol, misjafnt skopskyn og tilfinningar. Ef einelti varir og enginn styður þá sem verða fyrir því, er hætta á að viðkomandi beri þess merki ævilangt. Einnig eru mörg dæmi þess að gerendur eigi um langt skeið í vanda vegna gerða sinna, þeir þurfa því ekki síður á hjálp að halda. Stundum er eineltið augljóst öllum sem vilja sjá það en oft er það mjög dulið og alls ekki augljóst.

Meðferð eineltismála

Ef grunur vaknar um einelti er unnið eftir samræmdum verklagsreglum Reykjanesbæjar.


Tilgangur og gildissvið:

Tilgangur með verklagsreglunni er að samræmt verklag fari af stað þegar tilkynning um grun um samskiptavanda eða einelti berst grunnskóla Reykjanesháskóla. Verklagsreglan gildir um öll tilvik þegar grunur vaknar, allt frá því að tilkynning berst og þar til að málið teljist vera upprætt.

Ábyrgð:

Skólastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni í sínum grunnskóla.

Allir starfsmenn og samskipta- / eineltisteymis hvers grunnskóla bera ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunni. Einnig bera forráðamenn ætlaðs þolanda og ætlaðs geranda ábyrgð á að taka þátt í verklagsreglunni.



14.2 Áfengis- og fíknivarnir

Áfengis- og fíknivarnir taka til almennra forvarna s.s. gagnvart tóbaki, nikótíni, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn. Holtaskóli skal vera vímuefnalaus. Nemendum er óheimilt að nota tóbak, veip, nikótínvörur, áfengi eða önnur fíkniefni á skólatíma eða á viðburðum á vegum skólans. Skólinn fylgir lögum um tóbaksvarnir sem felur í sér að nemendum, starfsfólki, foreldrum og gestum er ekki heimilt að nota slík efni á skólasvæðinu.

Holtaskóla ber skylda til að fræða nemendur og miðla upplýsingum varðandi fíkn og fíknivanda. Markmiðið er að draga úr fjölda þeirra sem ánetjast reykingum, vímuefnum eða leiðast út í fíknihæðun. Fræðslan fer fram með fjölbreyttum hætti og koma margir aðilar að henni, svo sem kennarar, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og utanaðkomandi aðilar sem eru sérfræðingar á ákveðnum sviðum.

Leiðir að forvörnum

- Styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi og geri sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda í mótun lífsstíls.
- Kennsla í lífsleikni með notkun námsgagna sem eru byggð á fræðilegum grunni og aldursmiðuð.

- Leiðbeina nemendum um að temja sér jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og tillitssemi í samskiptum við aðra.
- Fræða nemendur um skaðsemi tóbaks, nikótíns, áfengis og annarra fíkniefna og afleiðingar af neyslu þessara efna. Sömuleiðis að fræða um annars konar fíkn t.d. netfíkn.
- Eiga öflugt samstarf við forráðamenn, menntasvið, félagsmiðstöðvar, heilsugæslu, félagsþjónustu og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna.
- Finna úrræði fyrir nemendur í áhættuhópum.
- Námsráðgjafi starfar við Holtaskóla. Nemendur geta leitað til hans og rætt við hann um sín persónulegu mál.
- Hjúkrunarfræðingur hefur fasta viðveru í skólanum og sinnir meðal annars forvarnarstarfi. Forvarnarefni heilsugæslunnar, 6H, er notað við þá fræðslu.

Viðbrögð þegar upp kemur grunur eða vitneskja um notkun á tóbaki, nikótíni, áfengi eða öðrum vímuefnum

- Öll notkun á tóbaki, nikótíni, áfengi eða öðrum vímuefnum er bönnuð í og við skólann samkvæmt skólareglum og er forráðamönnum gert viðvart ef nemandi verður uppvís að slíku broti.
- Hafi starfsfólk skólans grun um að nemandi sé farinn að reykja eða nota tóbak/nikótín gerir kennari, námsráðgjafi eða stjórnandi forráðamönnum viðvart.
- Ef grunur um neyslu áfengis eða fíkniefna nemanda vaknar hjá starfsfólki skólans er umsjónarkennara, námsráðgjafa eða stjórnanda tilkynnt um málið. Forráðamenn eru upplýstir og þeim bent á hvert þeir geti leitað eftir aðstoð.
- Ef staðfestar upplýsingar liggja fyrir um áfengisneyslu nemanda eða neyslu annarra vímuefna skal námsráðgjafi eða skólastjórnandi boða forráðmenn til fundar.
- Málinu er eftir atvikum vísað til nemendaverndarráðs.
- Skólastjóri tilkynnir barnaverndaryfirvöldum skriflega um málið í samræmi við niðurstöðu nemendaverndarráðs.
- Skóli og barnaverndaryfirvöld vinna saman að framgangi máls.

Góð ráð til forráðamanna

Þættir sem auka líkurnar á heilbrigðu og vímuefnalausum lífi ungmenna:

- Gott sjálfstraust.
- Sterk sjálfsmynd.
- Sterk félagsleg tengsl og vinir.

- Lögbundinn útivistartími virtur.
- Að börn séu undir eftirliti þegar þau koma saman.
- Að forráðamenn gefi sér tíma í samveru með barni sínu.
- Þekkja vini barnsins og forráðamenn þeirra.
- Hvetja barnið til hvers konar íþróttar- og tómstundaiðkunar.
- Vera börnunum góð fyrirmynd.
- Stuðningur, aðhald og skýrar reglur.
- Jákvætt viðhorf til skóla og áhugi á námi barns.
- Góð samvinna heimila og skóla.
- Forráðmenn séu vel upplýstir um forvarnir og uppeldismál almennt.

Æskileg viðbrögð við vímuefnaneyslu barna

- Sýndu rósemi og yfirvegund í samtali við barnið.
- Aflaðu þér upplýsinga um vímuefni. Þær má t.d. finna á netinu eða hjá forvarna- og heilbrigðisaðilum.
- Hafðu samband við aðra forráðamenn sem eru í svipaðri stöðu. Reynsla þeirra getur oft hjálpað mikið. Einnig er hægt að leita til heilsugæslu eða barnaverndar.
- Æskilegt er að upplýsa skólann um notkun barns á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum eða grun um slíkt.

Merki um fíknivanda

Líkamleg einkenni

- Áhugaleysi á eigin útliti t.d. klæðnaði eða hreinlæti.
- Minnkandi matarlyst.
- Breyting á heilsufari.
- Breyting á svefnvenjum.

Tilfinningaleg einkenni

- Áhugaleysi, uppgjöf, vonleysi.
- Kvíði, spennar, álag.
- Þreyta, aukin svefnþörf.
- Skyndilegir erfiðleikar í sambandi við einbeitingu/rökhugsun.
- Sektarkennd, samviskubit.
- Skapsveiflur, skapbrestir.

- Einangrun eða minnkandi ánægja af félagslegum samskiptum.

Hegðunarleg einkenni

- Dvínandi árangur í skóla.
- Minnkandi áhugi á íþróttum og tómstundum.
- Sjálfskaðandi hegðun.
- Ögrandi lífsstíll sem birtist t.d. í klæðnaði.
- Áhugaleysi um eigur sínar.
- Andfélagsleg hegðun t.d. þjófnaðir eða árásir.

Hvert er hægt að leita þegar vandi steðjar að?

Í Holtaskóla er starfandi námsráðgjafi sem bæði forráðamenn og nemendur geta leitað til varðandi nám og líðan. Námsráðgjafi getur hlustað, gefið góð ráð og leiðbeint með næstu skref. Sömuleiðis er starfandi hjúkrunarfræðingur í skólanum sem forráðamenn og nemendur geta leitað til.

Góðar vefsíður

www.foreldrahus.is

www.forvarnir.is

www.samanhopurinn.is

www.heilsuvera.is

www.abyrghpilun.is

www.saft.is

14.3 Viðbrögð við kynbundnu ofbeldi og öðru ofbeldi

Nemendur, kennarar og starfsfólk skólans á hverjum tíma mynda skólasamfélag þar sem gagnkvæmt traust og virðing ríkir í samskiptum. Allir einstaklingar innan þessa samfélags eiga að búa við það öryggi að þeir verði hvorki fyrir kynferðislegu né kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Ef einstaklingur innan skólans telur sig verða fyrir slíku ber skólasamfélaginu að bregðast við með ábyrgum og skipulögðum hætti. Við líðum hvorki kynferðislega áreitni eða ofbeldi né kynbundna áreitni eða ofbeldi og höfum því sett þessar verklagsreglur. Verklagsreglurnar eru lifandi skjal sem verður endurskoðað eftir þörfum. Einstaklingur sem verður var við kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi er hvattur til þess að tilkynna það til náms- og starfsráðgjafa eða skólastjórnenda eftir því sem hann/hún/hán/þau telur/telja best.

Minnt er á tilkynningaskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum Barnaverndarlögum nr. 80/2002 17. gr.

Markmið

Við líðum hvorki kynferðislega áreitni eða ofbeldi né kynbundna áreitni eða ofbeldi í skólanum í kennslu, almennu starfi eða öðrum samskiptum sem eiga sér stað í skólastarfinu eða í tengslum við starfsemi skólans. Markmið verklagsreglna þessara er að tryggja að úrræði sé til staðar telji einstaklingur sig hafa orðið fyrir kynferðislegri og/eða kynbundinni áreitni eða kynferðislegu og/eða kynbundnu ofbeldi.

Skilgreiningar

Með kynbundinni áreitni er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. **Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni.**

Með kynferðislegri áreitni er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. **Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.**

Með kynbundnu ofbeldi er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Með kynferðislegu ofbeldi er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Leiðir

Nemendur fá fræðslu um kynbundið ofbeldi og annað ofbeldi og þeim gert ljóst hvert þeir geti leitað eftir aðstoð komi slíkt mál upp, hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og skólanámskrá. Á hverju hausti er farið yfir það með starfsfólki skólans hvað getur falist í kynbundnu áreiti í samskiptum nemenda og starfsmanna. Nemendum verður einnig kynnt hvert þeir geti leitað.

Nemendur

Í framhaldi af tilkynningu um grun um brot af ofangreindu tagi fer eftirfarandi ferli í gang innan skólans:

- Náms- og starfsráðgjafi og stjórnendur hittast og skipuleggja næstu skref.
- Fræðslustjóri, grunnskólafulltrúi og yfirsálfræðingur Reykjanesbæjar eru upplýstir um málið.

- Tilkynning og efni hennar eru borin undir barnaverndarnefnd.
- Haft er samband við forráðamenn og fundur með þeim skipulagður.
- Málið er skoðað og rætt við hlutaðeigandi.
- Skólayfirvöld aðstoða málsaðila við að leita sér sérfræðiaðstoðar meðferðaraðila.
- Ákveði málsaðilar að leita réttar síns munu skólastjórnendur og ráðgjafar skólans vera viðkomandi til aðstoðar.
- Þegar könnun máls er lokið eru niðurstöður kynntar málsaðilum og eftir atvikum sendir skólinn tilkynningu til barnaverndarnefndar.
- Eftirfylgni er höfð með málsaðilum eftir því sem þurfa þykir.
- Þeim sem vinna að viðkvæmum málum innan skólans er skylt að gæta trúnaðar.

Ekki er aðhafst í máli nema sá sem verður fyrir áreitni eða kynferðislegu ofbeldi (og forráðamenn eftir því sem við á) sé samþykkur því. Sé hins vegar um brot á landslögum (broti sem er lýst í XXII. kafla almennra hegningarlaga) verður máli vísað til barnaverndarnefndar.

Viðbrögð

Ef aðilar máls eru í sama skóla eða eru nemendur í sama námsumhverfi (í sama bekk eða árgangi) þá ber að skoða hvort að gera þurfi ráðstafanir varðandi samskipti, samvinnu og samneyti málsaðila. Reynt skal að ná sáttum um vinnutilhögun meðan málið er í skoðun. Ekki er gert ráð fyrir að flytja til í námi einstakling sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti, vegna kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis, nema viðkomandi óski þess.

Tímarammi

Brýnt er að brugðist sé við málum sem þessar verklagsreglur fjalla um svo fljótt sem auðið er og að niðurstaða liggi fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að nemandi eða forráðamaður sendi inn formlega tilkynningu.

Viðurlög


Viðurlög við broti eru samkvæmt skólareglum. Gerandi verður látinn axla ábyrgð og getur verið fluttur til í annan skóla eða verið vikið úr skóla.

14.4 Kynheilbrigði

Mikilvægt er að temja ungu fólki gagnrýna hugsun um kynheilbrigði og samskipti þannig að þau viti hvaða þættir það eru sem stuðla að heilbrigðu kynlífi. Gott samstarf milli skóla og forráðamanna er grundvöllur fyrir því. Starfrækt hefur verið teymi um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sem vinnur að samræmdu námsefni fyrir alla árganga sem hæfir aldri og þroska. Nemendur fá fræðslu og kynningar um kynheilbrigði á unglingastigi í samfélagsgreinum og náttúrugreinum, einnig hefur skólahjúkrunarfræðingur komið inn í bekk með fræðsluerindi.

14.5 Verklag vegna ofbeldisfullrar hegðunar barns

Mikilvægt er að viðbrögð séu skipulögð, fagleg og örugg þegar hættuástand skapast, barn missir stjórn á sér, er sjálfu sér hættulegt eða setur aðra í hættu. Áherslan er á barninu og líðan þess. Aðgerðir miða að því að hlúa að barninu í aðstæðum sem reynast því erfiðar.



14.6 Viðbrögð vegna hættuástands

Ef upp kemur hættuástand í eða við skólann er mikilvægt að **láta vita hvar hættan er, með því að hringja í 112**. Einnig skal hringja í skrifstofustjóra og/eða stjórnendur eða láta þá vita á annan hátt.

1. Viðbrögð kalla á að starfsfólk og nemendur leggi sjálfstætt mat á hvað hægt er að gera og hvað ætti að gera fyrst, og hafa í huga það meginhlutverk að vernda og komast burt úr hættulegum aðstæðum.
2. Starfsfólk og nemendur reyna eftir fremsta megni að koma sér burt úr aðstæðum. Starfsmaður setur sig í samband við lögreglu og stjórnendur skólans til að ákvarða hvort eigi að fara í rýmingu á byggingunni eða halda kyrru fyrir og læsa skólastofum og öðrum rýmum. Starfsfólk ætti að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort læsa skuli eða yfirgefa rýmið ef um lífshættulegar aðstæður er að ræða.
3. Ef skotárás eða árás með eggvopni er yfirstandandi skal aðeins rýma ef staðsetning geranda er þekkt og útganga er auðveld og örugg. Ef staðsetning geranda eða aðstæður leyfa ekki rýmingu, þá skal læsa rýminu, slökkva ljós, fela sig og hafa hljótt.

4. Þegar hættuástandi er yfirstaðið eða ef öruggt þykir þá skal meta hvort einhver er meiddur, alvarlega slasaður eða særður og gera viðeigandi ráðstafanir.
5. Áfallaáætlun skólans virkjuð.

15 Viðbragðsáætlanir

15.1 Áfallaáætlun, viðbrögð við slysum og áætlunum

Áfallaáætlun er áætlun um viðeigandi viðbrögð þegar áföll verða, svo sem bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu eða sorgarviðbrögð. Áætlunin segir til um hver sinnir hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig ber að bregðast við. Taka skal tillit til óska fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Skólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallaráð og stýrir vinnu þess og skipulagi.

Áfallaráð

Í áfallaráði hvers grunnskóla sitja að öllu jöfnu skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og náms- og starfsráðgjafi. Þeim innan handar er stjórnendateymi menntasviðs og prestur. Hver grunnskóli ákveður hverjir sitja í sínu áfallaráði.

Hlutverk áfallaráðs

Í megin atriðum skal hlutverk áfallaráðsins vera að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fúmlaust og ákveðið við þegar áföll verða. Áfallaráð sér til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Einnig þarf það að sjá til þess að starfsfólk sem veitir áfallahjálpi fái stuðning og hjálp. Allir sem sitja í áfallaráði þurfa að vera upplýstir um hlutverk sitt í ráðinu. Áfallaráð skal funda þegar vitneskja berst um áfall og skólastjóri metur það mikilvægt að kalla ráðið saman.

Í gæðahandbók Reykjanesbæjar eru gátlistar fyrir starfsfólk aðgengilegir til þess að styðjast við eftir því hvort um nemanda eða starfsfólk er að ræða.

Við önnur áföll en tilgreind eru hér að framan svo sem kynferðislega misnotkun, ofbeldi, skilnað foreldra, atvinnuleysi til langs tíma, mannshvarf eða fangelsun náins ættingja, þurfa nemendur mikinn stuðning og skilning. Við aðstæður sem þessar er rétt að hafa samráð við foreldra eða aðra aðstandendur. Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun eða annars konar ofbeldi ber ávallt að hafa samband við barnaverndarnefnd. Hægt er að óska nafnleyndar þegar tilkynnt er. Ef starfsfólk skólans lendir í erfiðleikum, svo sem skilnaði, slysi eða langvarandi veikindum innan fjölskyldu skal haft samráð við viðkomandi um hvort og hvernig starfsfólk skólans geti komið því til aðstoðar.

15.2 Viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu og annarra smitsjúkdóma

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðinga hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi innan skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

Verkefnisstjórn vegna viðbragðsáætlunar er í höndum skólastjórnenda. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð hennar, uppfærslu og virkjun. Staðgenglar skólastjóra og/eða trúnaðarmenn í skólanum bera ábyrgð á virkjun áætlunarinnar í forföllum skólastjóra, í nánú samstarfi við skólahjúkrunarfræðing og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Skólastjórnendur upplýsa starfsmenn skólans um inflúensuna og útbreiðsluleiðir og hvernig draga megir úr smitleiðum, á starfsmannafundum og með tölvupósti. Foreldrar og nemendur fá upplýsingar frá stjórnendum og skólahjúkrunarfræðingi á heimasíðu skólans og með fjöldapósti gegnum Mentor. Fjölskyldur sem ekki hafa aðgang að tölvu, fá dreifibréf með upplýsingum. Grunnupplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is sem og á www.influensa.is. Kennarar og starfsmenn eru hvattir til að ræða við nemendur um hvað flensan er, hvernig hún lýsir sér og hvernig megir draga úr smitleiðum. Mikilvægt er að upplýsingar miðir að því að eyða óþarfa ótta og að tekist sé á við hugsanlega vág af festu, yfirvegun og þekkingu.

Skólastjóri fer yfir verkferla í ræstingu með umsjónarmanni skólans sem og verktaka. Samráð verður haft við skólahjúkrunarfræðing/HSS og munu þessir aðilar sjá um að útvega hlífðarbúnaðar. Upplýsingar um ræstingu og hlífðarbúninga má finna á www.influensa.is Foreldrar eru hvattir til að halda börnum sínum heima, veikist þau, eins og tilmæli sóttvarnarlæknis gefa til kynna. Veikist nemandi í skólanum og þarf að komast heim, verður foreldrum gert að sækja hann. Umsjónarkennarar og skrifstofustjóri sjá um að hringt sé heim til aðstandenda í slíkum tilfellum.

Veikist skólastjóri, tekur aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, eða trúnaðarmenn við stjórn skólans. Komi til lokunar skal skólastjóri og/eða aðstoðarskólastjóri auglýsa lokun skólans á heimasíðu skólans, á heimasíðu Reykjaneshæjar, á Facebook síðu skólans, haft verður samband við alla starfsmenn, sendur verður póstur til allra aðstandenda á Mentor og hringt í þá sem ekki hafa netföng, skrifleg auglýsing sett á alla innganga skólans, nemendur með annað tungumál en íslensku og aðstandendur þeirra, fá sérstakar leiðbeiningar með aðstoð túlka.

15.3 Viðbragð vegna óveðurs

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í aðsigi á Suðurnesjum fylgjast lögreglan og Almannavarnir gaumgæfilega með, hafa samstarf við skólana og gefa út viðvaranir til almennings, gerist þess þörf. Mikilvægt er að forráðamenn sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Forráðamenn leggja sjálfir mat á hvort fylgja þarf barni í og úr skóla þótt engin tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti forráðamenn aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sækja skóla þá skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlileg forföll. Við slíkar aðstæður eru skólarnir opnir og þar er öruggt skjól fyrir börnin.

15.4 Rýmingaráætlun

Ef hættuástand skapast getur verið nauðsynlegt að rýma skólann. Rýmingaráætlun er til staðar og eru teikningar af henni í öllum stofum. Mikilvægt er að starfsfólk og nemendur hafi æft viðbrögðin svo að rýmingin gangi vel.

Í Holtaskóla er öflugt brunaviðvörðunarkerfi. Brunavarnir Suðurnesja sjá um að æfa rýmingaráætlun. Fyrir rýmingaráætlun þarf að útskýra fyrir nemendum tilgang æfinganna sem eru að efla öryggi og þekkingu, þjálfar nemendur í að bregðast rétt við og æfa viðbrögð og að auka líkur á að rýming gangi vel fyrir sig ef hættuástand skapast.

1. Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang kanna umsjónarmaður skóla og/eða skólastjórnandi hvaðan brunaboðið kemur. Ef ekki er slökkt á brunaboðanum innan tveggja mínútna eiga allir að yfirgefa bygginguna. Rýming er alltaf undirbúin um leið og heyrast í brunaboðanum. Skólastjórnandi og/eða umsjónarmaður skóla hefur samband við slökkviliðið í síma 112 ef boð hefur ekki borist til Öryggismiðstöðvar um brunaboð. Ef um falsboð er að ræða er slökkt á brunaboðanum sem gefur til kynna að hættuástand sé liðið hjá og viðbragðsaðilar látnir vita.
2. Kennarar/starfsmenn undirbúa rýmingu kennslustofu/rýmis síns og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem eru að finna í öllum rýmum. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofuna fyrr en kennari/starfsmaður hefur kannað hvort útgönguleiðin sé greið. Hver kennari/starfsmaður er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna/sinna þegar hættuástand skapast. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem næstur er samkvæmt leiðbeiningum eða sem er greiðastur. Skrifstofustjóri tekur nafnalista, veikinda- og fjarvistaskráningar út á söfnunarsvæðið.
3. Nemendur ganga út á undan kennara og sá aðili sem síðastur fer út úr kennslustofum/rýmum skal loka vel öllum dyrum til að draga úr reykflæði um húsið. Ekki má læsa hurðum.
4. Þegar komið er út á söfnunarsvæðið, sem er í íþróttahúsinu, er mjög mikilvægt að nemendur standi í einfaldri röð á sínu svæði hjá kennara sínum sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út.

5. Umsjónarmaður skóla kemur lyklum af skólanum til varðstjóra. Aðstoðarskólastjóri athugar hvort allir kennarar/starfsmenn séu komnir út. Ef einhvern vantar aflar hann upplýsinga um það hvar viðkomandi sást síðast í byggingunni og lætur varðstjóra slökkviliðsins vita.
6. Deildastjórar fara á milli hópa og fá upplýsingar um stöðu mála í nemendahópum og upplýsa skólastjóra um stöðu mála. Skólastjóri eða staðgengill hans er tengiliður við slökkviliðið.
7. Slökkviliðið kemur á staðinn. Skólastjórnandi/umsjónarmaður gefur varðstjóra upplýsingar um stöðuna.
8. Slökkviliðið stýrir aðgerðum og enginn fer inn í bygginguna fyrr en varðstjóri slökkviliðsins hefur gefið skólastjóra/staðgengli eða umsjónarmanni leyfi til að hleypa fólki aftur inn.

Söfnunarsvæði

Stóri salurinn í íþróttahúsinu er söfnunarsvæði Holtaskóla. Bekkirnir raða sér upp á eftirfarandi hátt:

